

Grindavíkurnefnd

Grindavík – næstu skref í endurreisn

Umræðuskjal í samráðsgátt stjórnvalda 9.–31. október 2025 um
sveitarstjórnarkosningar, stjórnskipulag og samráð í endurreisnarferlinu.

6. október 2025

1. Tilgangur og markmið umræðuskjalsins

Umræðuskjalið er sett í samráðsgátt stjórnvalda dagana 9.–31. október 2025. Markmið þess er að kalla fram sjónarmið Grindvíkinga og annarra hagaðila um lykilþætti sem varða endurreisn og framtíðarsýn bæjarins. Þrátt fyrir að jarðhræringar séu enn í gangi er tímabært að vinna að sameiginlegri framtíðarsýn fyrir Grindavík og móta forsendur næstu skrefa. Slík sýn getur orðið grunnur að rammaáætlun sem stuðlar að samfellu milli bráðaaðgerða og langtímauppbyggingar og styður við ákvarðanatöku á komandi árum. Slík áætlun getur ekki verið fullmótuð eða endanleg á meðan jarðhræringar eru enn í gangi. Hún þarf hins vegar að vera stefnumarkandi, heildstæð í uppbyggingu og sveigjanleg í framkvæmd, þannig að hún geti aðlagast nýjum forsendum og breytingum hverju sinni.

Sveitarstjórnarkosningarnar vorið 2026 marka í þessu samhengi mikilvæg tímamót. Þær verða tækifæri til að tryggja bæjarfélaginu skýrt lýðræðislegt umboð til að leiða áframhaldandi endurreisn þannig að ákvarðanir um framtíð bæjarins endurspegli vilja Grindvíkinga sjálfra. Til þess að slíkt umboð nýtist sem best er þó nauðsynlegt að fyrir liggi skýr mynd af stjórnfyrirkomulagi Grindavíkur á næsta kjörtímabili. Því þarf að huga tímanlega að því hvernig ábyrgð og verkaskipting milli sveitarfélags og ríkis verði útfærð, þannig að tryggt sé jafnvægi milli lýðræðislegrar forystu Grindvíkinga annars vegar og þeirrar samhæfingar, sérfræðipækkingar og fjármögnunar sem ríkið getur lagt til hins vegar. Slíkt stjórnfyrirkomulag þarf að byggja á gagnsæi, trausti og virkri þátttöku samfélagsins og jafnframt vera sveigjanlegt til að laga sig að breyttum forsendum eftir því sem jarðhræringar og endurreisn þróast.

Í þessu umræðuskjali er lögð sérstök áhersla á að fá fram viðhorf til:

- þess með hvaða hætti tryggja megir að rödd samfélagsins hafi vægi í ákvörðunum um framtíð bæjarins,
- skipulags sveitarstjórnarkosninganna 2026, sem verða mikilvægur áfangi í endurreisnarferlinu og leið til að tryggja skýrt lýðræðislegt umboð,
- fyrirkomulags samstarfs ríkis og sveitarfélags til að styðja við markmið rammaáætlunar,
- og mögulegrar aðkomu alþjóðlegra aðila sem ráðgefandi þáttar í ferlinu.

Nú þegar hefur verið leitað til alþjóðlegra stofnana um möguleika á að miðla reynslu og veita ráðgjöf um leiðir sem hafa reynst árangursríkar við endurreisn samfélaga eftir náttúruhamfarir.

2. Inngangur

Jarðhræringar á Reykjanesskaga hafa verið viðvarandi frá 2020 og náðu hámarki með atburðum árið 2023 sem höfðu veruleg áhrif á samfélagið í Grindavík. Í kjölfarið hafa Grindvíkingar og fyrirtækin í bænum búið við mikla óvissu um framtíð bæjarins. Þrátt fyrir þessar aðstæður hefur samfélagið og atvinnulífið sýnt aðdáunarverða seiglu. Tryggjlyndi við bæjarfélagið hefur verið til staðar og margir Grindvíkingar lagt sig fram við að viðhalda tengslum við samfélagið og heimabyggð. Í því felast verðmæti sem geta reynst drjúg í endurreisnarstarfi.

Samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna er endurreisn samfélaga eftir hamfarir ferli ákvarðana og aðgerða sem miðar að því að endurheimta eða bæta lífsskilyrði samfélags sem lent hefur í áfalli. Endurreisn samfélags er ekki einföld framkvæmdaáætlun með föstum tímamörkum, heldur síkvikt ferli sem fyrst og fremst byggir á virkri þátttöku samfélagsins sjálfs. Aðkoma vísinda- og fræðafólks, nýting fyrirliggjandi þekkingar og viðtækt samstarf við fjölda hagaðila er hluti af því ferli. Kjarni endurreisnar samfélags felst ekki í byggingum einum saman eða sprungufyllingum heldur í því að styrkja félagsleg tengsl, efla velferð, lífsgæði, atvinnulíf, efnahagsgrunn og viðhalda tengslum við menningu og umhverfi.

Sú atburðarrás sem hefur verið í gangi – og er enn ekki lokið – með endurteknum eldgosum og jarðhræringum í nágrenni Grindavíkur, kallar á að sérstaklega verði hugað að stjórn málefna sveitarfélagsins. Í því samhengi má ætla að mikilvægt sé að rammaáætlun endurreisnar tryggji samhæfingu og samstarf ríkis, sveitarfélags og annarra aðila um málefni svæðisins. Áætlun um endurreisn Grindavíkurbæjar getur stuðlað að auknum fyrirsjáanleika og dregið úr óvissu, en taka þarf tillit til stöðu jarðhræringa á hverjum tíma. Slík áætlun er einnig mikilvæg svo fjölskyldur og fyrirtæki geti tekið upplýstar ákvarðanir og metið hvort þau vilja sjá framtíð sína í Grindavík og taka þátt í að byggja þar samfélag á nýjan leik.

Næstu sveitarstjórnarkosningar marka mikilvægan áfanga í endurreisn Grindavíkurbæjar. Með þeim skapast nýtt lýðræðislegt umboð til að leiða bæjarfélagið í gegnum endurreisnarferlið. Brýnt er að huga tímanlega að því hvaða skref verði tekin og hvernig fyrirkomulagi stjórnsýslu og ákvarðana verður best háttað til að tryggja árangursríkt ferli. Ljóst er að Grindvíkingar sjálfir verða í forystu endurreisnarinnar, en stjórnskipulegar og skipulagslegar lausnir styrki það ferli.

Reynsla annarra af hamföllum og endurreisn undirstrikar að skipulag stjórnar í Grindavík fyrir næstu ár verður mikilvægt til árangurs í endurreisnarferli bæjarins sem þarf að byggja á samstarfi og samtali við Grindvíkinga. Í þessu samhengi hefur verið rætt við Alþjóðabankann um tæknilega aðstoð til að nýta alþjóðlega reynslu og bestu aðferðir við endurreisn samfélaga. Alþjóðabankinn (World Bank) er alþjóðleg stofnun. Bankinn er hluti af alþjóðlegu samstarfi ríkja og á Ísland aðild að honum. Hlutverk Alþjóðabankans er ekki eingöngu að veita lán og styrki heldur einnig að miðla þekkingu, greiningu og sérfræðiþjónustu til að styðja við sjálfbæra þróun og endurreisn samfélaga. Sérstakur styrkleiki bankans liggur í:

- Reynslu af endurreisn eftir hamfarir – hann hefur aðstoðað mörg samfélög víða um heim, meðal annars eftir jarðskjálfta, eldgos, flóð og önnur stór áföll.
- Tæknilegri aðstoð og greiningu – hann veitir sérfræðiráðgjöf við áhættumat, áætlanagerð og forgangsröðun aðgerða.
- Alþjóðlegum samanburði – hann getur miðlað bestu starfsvenjum og lærdómi úr öðrum löndum sem hafa staðið frammi fyrir sambærilegum áskorunum.
- Stuðningi við stjórnsýslu og innviði – hann hjálpar stjórnvöldum að byggja upp skýrt ferli, gagnsæi og ábyrgð í ákvarðanatöku.

Þegar leitað er til Alþjóðabankans í samhengi við Grindavík er það því ekki fyrst og fremst vegna fjármagns, heldur vegna sérfræðipækkingar, reynslu og leiðsagnar sem getur styrkt íslensk stjórnvöld og Grindvíkinga við að móta rammaáætlun fyrir endurreisn. Samstarf við bankann getur stuðlað að því að ferlið byggji á alþjóðlega viðurkenndum aðferðum og dregið úr líkum á mistökum sem hafa komið fram annars staðar þegar endurreisn hefur ekki verið skipulögð með skýru verklagi og víðtækri þátttöku samfélagsins.

Í gögnum frá Alþjóðabankanum kemur fram að greining á næstu skrefum í endurreisn þurfi að taka til þeirra stofnana sem að ferlinu koma, byggja á alþjóðlegri reynslu, skýru stjórnskipulagi, virkri þátttöku íbúa, traustri fjármögnun og langtímasýn.

3. Kosningar og stjórnsýsla

Rýming Grindavíkur haustið 2023 skapaði fordæmalausar aðstæður fyrir samfélagið í heild. Íbúafjöldi hefur dregist verulega saman úr um 3.800 manns fyrir rýminguna niður í innan við 900 skráða í september 2025, og raunverulegir fastbúendur eru enn færri. Til bráðabirgða var veitt sérstök heimild sem tryggði að Grindvíkingar sem höfðu lögheimili í bænum við rýmingu héldu rétti sínum til að eiga lögheimili í Grindavík þrátt fyrir aðsetur annars staðar.

Ljóst er að huga þarf sérstaklega að því hvernig sveitarstjórnarkosningum 2026 verður háttað og hvaða stjórnskipulag geti best stutt endurreisnina. Þessar ákvarðanir skipta máli til að stuðla að því að rödd Grindvíkinga heyrist og að sveitarfélagið hafi skýrt lýðræðislegt umboð samfélagsins á næsta kjörtímabili. Mikilvægt er einnig að finna leiðir til að virkja rödd Grindvíkinga sem samfélags hvort sem þeir búa í bænum eða utan hans. Þannig má stuðla að því að ákvarðanir um framtíð Grindavíkur endurspegli vilja þeirra. Í framhaldinu er jafnframt nauðsynlegt að skoða hvernig skipulag og samhæfing milli ríkis og sveitarfélags geti styrkt þetta lýðræðislega umboð og skapað skýrar ábyrgðarkeðjur í endurreisnarferlinu.

Kosningaréttur og kjörgengi

Með hliðsjón af stöðu sveitarfélagsins þarf að ákveða hvernig kosningum verði háttað í Grindavík 2026. Leitað hefur verið til sérfræðinga á sviði stjórnskipunar- og sveitarstjórnarréttar sem hafa reifað nokkur álitæfni vegna kosningaréttar og kjörgengis í sveitarstjórnarkosningum í Grindavíkurbæ vorið 2026.

Kosningarétturinn er undirstöðuréttur í lýðræðissamfélagi. Því verður að gera ráð fyrir að kosningar fari fram í Grindavík vorið 2026 nema ófyrirsjáanlegir atburðir hindri. Hins vegar eru ýmis álitamál sem þarf að leiða til lykta og lúta m.a. að því hverjir hafi kosningarétt og kjörgengi. Er í því sambandi vísað í lögfræðilega álitsgerð Kára Hólmars Ragnarssonar og Trausta Fannars Valssonar, dags. 13.08.2025. Þá er í 11. gr. laga nr. 40/2024 um Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ að finna breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og kosningalögum nr. 112/2021, þar sem til bráðabirgða er vikið frá kröfu um lögheimili í sveitarfélaginu fyrir kjörna fulltrúa í bæjarstjórn og í nefndum, ráðum og stjórnnum Grindavíkurbæjar. Þær undanþágur gilda til loka núverandi kjörtímabils.

Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ var sett á laggirnar með lögum nr. 40/2024. Hún er sjálfstætt stjórnvald sem hefur það hlutverk að samhæfa og leiða verkefni sem tengjast endurreisn bæjarins í samstarfi við Grindavíkurbæ, stjórnvöld og aðra hagaðila. Verkefni nefndarinnar ná m.a. til áhættumats fyrir þéttbýlið, viðhalds og viðgerða á innviðum og opnum svæðum, skipulagningar aðgerðaáætlana til skemmri og lengri tíma, upplýsingamiðlunar til íbúa og, eftir atvikum, reksturs þjónustumiðstöðvar og þjónustuteyma fyrir samfélagið. Í athugasemd með 1. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 40/2024 um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ kemur fram að með vísun til íbúa Grindavíkurbæjar sé átt “bæði við þá íbúa í

bænum sem hafa lögheimili í sveitarfélaginu og þá íbúa sem flutt hafa lögheimili sitt vegna náttúruhamfaranna.” Grindavíkurnefnd, þ.m.t. þjónustuteymi nefndarinnar, vinnur jafnan með þessa skilgreiningu. Þá hefur löggjafinn einnig gripið til sérstakra ráðstafana að því er varðar kjörgengi þeirra sem hafa flutt lögheimili sitt úr Grindavík. Ljóst má vera að endurreisn Grindavíkurbæjar er verkefni fyrir allt samfélagið sem upplifði hamfarirnar en ekki aðeins fyrir þá fáu sem enn halda lögheimili í bænum. Kosningaréttur er eitt helsta tækið til að tryggja að ákvarðanir endurspegli vilja þeirra sem eiga beina aðild að framtíð samfélagsins. Ef aðeins hluti Grindvíkinga fengi að kjósa gæti það skapað hættu á vantrausti og tilfinningu um að vera útilokaðir frá ákvarðanatöku um framtíð bæjarins.

Með hliðsjón af framangreindu gæti verið kostur að skoða að kosningaréttur í næstu sveitarstjórnarkosningum miðist við að þeir sem áttu lögheimili í bænum við rýmingu 10. nóvember 2023 eigi val um að nýta atkvæðisrétt sinn í Grindavík fremur en í því sveitarfélagi þar sem viðkomandi er skráður nú (eða þegar kjörskrá er gefin út). Með því gefst öllum Grindvíkingum sem á annað borð hafa kosningarétt kostur á að móta framtíð bæjarins og stefnu sveitarstjórnar á næsta kjörtímabili.

Ýmsar aðrar útfærslur hafa komið til skoðunar, svo sem að miða eingöngu við lögheimilisskráningu við útgáfu kjörskrár eða jafnvel að miða einungis við þá sem raunverulega búa í Grindavík, óháð lögheimilis- eða aðsetursskráningu. Þá hefur einnig verið nefnt hvort fresta eigi kosningum í Grindavík um tiltekinn tíma þar til nánari úttekt og samstaða hefur náðst um hvernig kosningarétturinn skuli útfærður.

Tæknileg útfærsla þess að miða kosningarétt við íbúa Grindavíkur hinn 10. nóvember 2023 á, skv. upplýsingum frá Þjóðskrá og Landskjörstjórn, ekki að vera hindrun í vegi þeirrar leiðar.

Skipulag og samhæfing milli ríkis og sveitarfélags í endurreisn

Ljóst er að sveitarstjórnarkosningarnar 2026 marka mikilvægan áfanga þar sem Grindvíkingar veita nýrri bæjarstjórn lýðræðislegt umboð til að leiða endurreisn bæjarins. Til þess að slíkt umboð nýtist sem best þarf þó að liggja fyrir hvernig stjórnfyrirkomulag sveitarfélagsins verður útfært á næsta kjörtímabili. Hér er um að ræða grundvallarspurningu um jafnvægi milli lýðræðislegrar forystu Grindvíkinga og þeirrar sérfræðipækkingar, samhæfingar og fjármögnunar sem ríkið getur lagt til. Því er mikilvægt að huga tímanlega að því hvort hefðbundið stjórnskipulag dugi við þessar aðstæður eða hvort setja þurfi á fót sérstakt fyrirkomulag sem skýrir ábyrgð, skipulag og samhæfingum milli ríkisins og sveitarfélagsins.

Við mótun stjórnunarfyrirkomulags Grindavíkur verður að hafa í huga að verkefni sveitarfélagsins verða ólík því sem gengur og gerist meðal sveitarstjórna. Í kjölfar náttúruhamfaranna hefur ríkið, í gegnum Þórkötl, orðið langstærsti eigandi íbúðarhúsnæðis í bænum.

Ljóst er að horfa þarf til allra grunnkerfa samfélagsins við endurreisn Grindavíkur. Innviðir eru þau kerfi sem gera daglegt líf, þjónustu og atvinnustarfsemi mögulega. Þeir ná bæði til tæknilegra

þátta, svo sem samgöngukerfa, veitna, fjarskipta og orkuöflunar. Þeir ná einnig til félagslegra innviða á borð við fræðslu, velferðar- og heilbrigðisþjónustu. Einnig falla þar undir umhverfisinnviðir og efnahagslegir innviðir sem snúa að fjárhag sveitarfélagsins, atvinnulífi og afkomu íbúa.

Ljóst er að í kjölfar jarðhræringa hafa stórir hlutar þessa kerfis orðið fyrir skemmdum eða raskast verulega. Fram undan eru því umfangsmikil verkefni sem ná frá viðgerðum og endurbyggingu mannvirkja til viðhalds varnargarða, mats á sprungum og jarðskemmdum og endurnýjunar á samgöngu- og veitukerfum. Þá þarf jafnframt að endurskipuleggja starfsemi slökkviliðs og öryggisþjónustu út frá þeim sérstöku aðstæðum sem nú ríkja í Grindavík. Jafnframt þarf að huga sérstaklega að innviðum sem tengjast félagslegum þáttum. Þá þarf einnig að horfa til efnahagslegra innviða, þar á meðal fjárhags sveitarfélagsins og atvinnulífs. Fjárhagur sveitarfélagsins hefur raskast verulega í kjölfar hamfaranna. Útsvars- og þjónustutekjur hafa dregist saman og sveitarfélagið stendur nú frammi fyrir verulegum fjárhags- og framkvæmdalegum áskorunum við að sinna þeim umfangsmiklu verkefnum sem fram undan eru í endurreisninni. Að auki hefur óvissan um tryggingar og lánhæfi fasteigna í bænum áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til endurbyggingar og fjárfestinga, sem undirstrikar mikilvægi þess að ríkisvaldið komi að mótun lausna í samstarfi við sveitarfélagið. Þetta undirstrikar nauðsyn þess að beita heildstæðri nálgun í endurreisnarferlinu, þar sem tekið er mið af öllum flokkum innviða.

Nauðsynlegt er að ríkið komi að endurreisninni með beinum hætti, bæði með fjármunum og sérfræðiþekkingu, til að tryggja að ferlið byggi á heildstæðri nálgun, gagnsæi og virku samstarfi. Þegar litið er til þessarar stöðu er mikilvægt að horfa til þess hvernig unnt er að móta stjórnunarfyrirkomulag sem tryggir skýra ábyrgð, samræmda ákvarðanatöku og skilvirka nýtingu fjármuna og aðgerða í þágu samfélagsins. Alþjóðlegir aðilar á borð við Alþjóðabankann hafa víða veitt samfélögum ráðgjöf um stjórnsýslu og skipulag í kjölfar hamfara. Slík aðkoma felur jafnan í sér greiningu á núverandi stjórnsýslu, skilgreiningu á umboði og ábyrgð stjórnvalda og mat á því hvernig verkaskipting ríkis og sveitarfélaga hefur verið útfærð.

Lærdómur frá öðrum löndum bendir til þess að skýr ábyrgðarkeðja, virk þátttaka íbúa og gagnsæ ferli séu lykilforsendur til að byggja upp traust og stuðla að árangri endurreisnar. Þannig má líta til dæma frá Nýja-Sjálandi, Ástralíu, Bandaríkjunum og Tyrklandi þar sem sérstöku stjórnskipulagi var komið á laggirnar eftir hamfarir til að tryggja samhæfingu og framgang verkefna. Slíkur samanburður getur varpað ljósi á hvernig best sé að útfæra stjórnskipulag í Grindavík og forðast þau mistök sem annars staðar hafa grafið undan trausti eða tafið endurreisn.

4. Endurreisn

Jarðhræringarnar og eldgosið sem hófust í nóvember 2023 hafa gert ljóst að ekki dugar að leysa eingöngu brýn verkefni til skamms tíma. Þörf er á að horfa til lengri tíma með sjónarhorni á endurreisn og framtíðarþróun Grindavíkur. Þróun mála kallar á að áherslan færist smám saman frá viðbragðsaðgerðum yfir í stefnumótun sem byggir á samhæfingu og virku samráði við samfélagið. Alþjóðleg reynsla og rannsóknir á sviði endurreisnar sýna að slíkt ferli þarf að hefjast þótt náttúruvá sé ekki að fullu yfirstaðin. Á sama tíma verður að hafa í huga að áætlanir um endurreisn þurfa ávallt að taka mið af mögulegum áframhaldandi jarðhræringum og eldgosum og þeirri óvissu sem þeim fylgir.

Grindvíkingar hafa sýnt seiglu og tryggð við samfélagið sitt. Sú reynsla og þátttaka er dýrmæt í endurreisnarferli. Forsenda farsællar endurreisnar er að ákvarðanir byggja á traustum gögnum, faglegu mati og skipulögðu samráði við Grindvíkinga. Mikilvægt er að finna leiðir sem tryggja að samfélagið fái formlegt vægi í ákvarðanatöku, til dæmis með stofnun samfélagsráðs eða íbúaráðs sem hefur reglulegt samráð við kjörna fulltrúa, með formlegri aðkomu fulltrúa samfélagsins að nefndum eða vinnuhópum sem móta stefnu og forgangsröðun og með mælaborði eða opnum upplýsingakerfum þar sem íbúar geta fylgst með framvindu verkefna og því hvernig sjónarmið samfélagsins eru nýtt.

Fjölmörg verkefni hafa verið unnin af ólíkum aðilum síðustu misseri en nú er mikilvægt að móta samræmda rammaáætlun um endurreisn. Slík áætlun getur stuðlað að samfellu, skýrri verkaskiptingu og auknum fyrirsjáanleika fyrir fjölskyldur og fyrirtæki sem þurfa að taka ákvarðanir um framtíð sína í Grindavík. Endurreisn þarf að byggja á virkri þátttöku Grindvíkinga, stjórnvalda, frjálsra félagasamtaka og sérfræðinga. Mikilvægt er að fá betri skilning á framtíðaráformum og væntingum Grindvíkinga, meðal annars með rýnihópavinnu, samtölum og skoðanakönnunum. Jafnframt þarf að setja fram almennar meginreglur og leiðarljós fyrir endurreisn sem byggja á sameiginlegri ábyrgð, samstöðu og þjóðareiningu til að efla áfallaþol samfélagsins.

Í þessu samhengi kemur til álita að leita eftir alþjóðlegri reynslu og þekkingu. Getur það m.a. falist í því að draga saman lærdóma úr endurreisnarverkefnum víða um heim, greina helstu áskoranir og benda á leiðir sem hafa reynst farsælar. Ljóst er að með því að byggja á alþjóðlegri reynslu má læra af því sem vel hefur tekist annars staðar og forðast mistök sem hafa hamlað endurreisn í öðrum samfélögum sem hafa orðið fyrir hamförum.

5. Samantekt

Endurreisn er langtímaferli sem miðar að því að endurheimta og bæta lífsskilyrði samfélaga eftir náttúruhamfarir eða önnur áföll. Grindvíkingar eru sjálfir hryggjarstykkið í þessu starfi, í samstarfi við bæjarfélagið, ríkisvaldið, sérfræðinga og aðra hlutaðeigandi aðila. Reynsla síðustu tveggja ára hefur varpað skýrara ljósi á helstu áskoranir samfélagsins og þrátt fyrir yfirstandandi atburði er brýnt að hefja vinnu við rammaáætlun sem markar næstu skref.

Forsenda árangurs er að áætlunin byggji á gagnsæi, sameiginlegri sýn og virkri þátttöku Grindvíkinga. Samhliða þarf að nýta sérþekkingu innlendra og alþjóðlegra aðila til að tryggja að ferlið byggji á bestu fáanlegu þekkingu og reynslu. Með því móti má leggja traustan grunn að endurreisn sem tekur mið af sérstöðu Grindavíkur en sækir jafnframt innblástur í viðurkenndar alþjóðlegar fyrirmyndir.

Ákvarðanir í tengslum við endurreisn þurfa að byggjast á bestu starfsvenjum, þekkingu og reynslu, auk gagnadrifinnar forgangsriðunar. Þar skiptir einnig máli hvernig stjórnskipulag og lýðræðislegt umboð samfélagsins verða útfærð á komandi kjörtímabili. Sveitarstjórnarkosningarnar að vori 2026 marka í því tilliti mikilvægan áfanga sem mun hafa áhrif á framvindu endurreisnarinnar og hvernig samfélagið sjálft tekur virkan þátt í mótun framtíðar Grindavíkur.

6. Hver er þín skoðun?

Markmið þessa umræðuskjals er að kalla fram sjónarmið Grindvíkinga og annarra hagaðila um þau lykilatriði sem skipta mestu fyrir næstu skref í endurreisn og framtíðarsýn bæjarins. Sérstaklega er horft til þess hvernig sveitarstjórnarkosningarnar 2026 verði framkvæmdar þannig að niðurstaðan endurspegli raunverulegan vilja Grindvíkinga og tryggi bæjarfélaginu skýrt lýðræðislegt umboð. Jafnframt er óskað eftir viðhorfum til þess hvernig samstarf ríkis og sveitarfélags geti best stutt við endurreisnarferlið og hvernig tryggja megi að raddir Grindvíkinga, óháð núverandi búsetu hafi raunverulegt vægi í ákvarðanatöku um framtíð bæjarins. Að lokum er leitað eftir sjónarmiðum um aðkomu alþjóðlegra aðila sem ráðgefandi þátt í ferlinu, þar sem slík reynsla getur stutt við mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar og forðað frá mistökum sem annars staðar hafa tafið endurreisn.

Því er kallað eftir umræðu um:

- 1. Hvernig getum við best tryggt að rödd Grindvíkinga heyrir og hafi vægi í ákvarðanatöku um endurreisn og uppbyggingu í Grindavík ?**

Upplýsingarammi:

Í öðrum löndum hafa verið stofnuð sérstök samfélagsráð eða samráðsvettvangar til að tryggja að sem flestar raddir samfélagsins fái raunverulegt vægi. Slík úrræði geta falið í sér reglulegt samráð við kjörna fulltrúa, formlega aðkomu samfélagsins að nefndum eða vinnuhópum, eða mælaborð þar sem íbúar geta fylgst með framvindu verkefna og hvernig sjónarmið eru nýtt í ákvarðanatöku.

- 2. Hvernig finnst þér réttast að útfæra kosningarétt Grindvíkinga (eingöngu skráð lögheimili, raunveruleg búseta, eða val fyrir þá sem áttu lögheimili 10. nóvember 2023)?**

Upplýsingarammi:

Útfærsla kosningaréttar hefur áhrif á það hverjir fá að móta framtíð bæjarins. Ýmsar leiðir hafa verið ræddar: að byggja eingöngu á lögheimili við útgáfu kjörskrár, að miða við raunverulega búsetu í Grindavík, eða að gefa þeim sem áttu lögheimili við rýmingu val um að kjósa í Grindavík fremur en í sveitarfélagi sem þeir eru skráðir í nú. Hver nálgun hefur kosti og galla, bæði hvað varðar lýðræðislegt réttlæti og framkvæmd.

- 3. Með hvaða hætti mætti koma á skilvirkri samvinnu milli sveitarfélags og ríkis á næsta kjörtímabili þannig að hún stuðli að farsælli endurreisn og trausti samfélagsins?**

Upplýsingarammi:

Mikilvægt er að stjórnfyrirkomulagið í Grindavík stuðli að farsælli endurreisn og þjóni hagsmunum samfélagsins sem best. Til þess þarf að sameina lýðræðislega forystu Grindvíkinga og þá sérfræðipækkingu, samhæfingu og fjármögnun sem ríkið getur lagt til og þá um leið aðkomu

ríkisins að stjórn sveitarfélagsins. Spyrja má hvort hefðbundið stjórnfyrirkomulag dugi í þessu samhengi, hvort setja eigi á laggirnar eða hvort þörf sé á sérstöku fyrirkomulagi til að tryggja jafnvægi milli þessara þátta. Mikilvægt er að horfa til alþjóðlegrar reynslu ef talin þörf á að setja á laggir sérstakt stjórnskipulag. Slíkur samanburður getur varpað ljósi á hvernig best sé að útfæra stjórnskipulag í Grindavík til forðast mistök sem annars staðar hafa grafið undan trausti eða tafið endurreisn.

4. Hvað finnst þér um að fá Alþjóðabankann eða aðra alþjóðlega aðila að borðinu með ráðgjöf varðandi endurreisn Grindavíkur og hvaða væntingar hefur þú til slíks samstarfs?

Upplýsingarammi:

Alþjóðabankinn hefur mikla reynslu af endurreisn samfélaga eftir náttúruhamfarir. Aðstoð hans felst í ráðgjöf, greiningu og miðlun alþjóðlegrar reynslu. Með því að nýta sér slíkt samstarf er hægt að fá innsýn í bestu starfsvenjur og lærdóm af því sem ekki hefur tekist annars staðar. Markmiðið er að styðja íslensk stjórnvöld og Grindvíkinga í að móta ferli sem byggir á traustum gögnum, gagnsæi og þátttöku samfélagsins.